

Stjórnarmenn Strætó bs.

Reykjavík 16. september 2022

Efni: Gjaldtaka í strætisvögnum fyrir börn

Þann 3. desember á síðasta ári, sendi umboðsmaður barna bréf til framkvæmdastjóra og stjórnar Strætó bs., þar sem óskað var skýringa vegna nýrrar gjaldskrár, en samkvæmt henni hækkaði gjald fyrir árskort ungmenna verulega, eða úr 25.000 kr. í 40.000 kr., en hækkunin nam um 60%. Á sama tíma voru gjöld fyrir mánaðarkort fullorðinna notenda þjónustu Strætó bs. lækkuð. Engin svör bárust frá stjórnarmönnum Strætó bs.

Þann 24. janúar sl., sendi umboðsmaður barna bréf til borgarstjóra Reykjavíkur og bæjarstjóra Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, þar sem óskað var svara við því hvernig umrædd hækkun samræmist bestu hagsmunum barna á höfuðborgarsvæðinu. Einnig óskaði umboðsmaður eftir svörum við því hvort mat hafi verið lagt á áhrif þessarar ákvörðunar á þau börn sem ljóst er að hækkunin snerti hvað mest, þ.e. börn sem búa við fátækt og erfiðar félagslegar aðstæður. Þá óskaði umboðsmaður barna eftir skýringum borgarstjóra og bæjarstjóra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu á því, hvernig umrædd sveitarfélög, sem hafa öll lýst því yfir að vera barnvæn, rökstyðja umrædda hækkun á nauðsynlegri þjónustu fyrir börn. Bréfinu er enn ósvarað, tæpum átta mánuðum eftir að það var sent.

Í samstarfssáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar í Reykjavíkurborg, frá júní 2022, er m.a. fjallað um fyrstu breytingar sem hinn nýi meirihluti borgarstjórnar hyggst ráðast í. Þar kemur m.a. fram að strætósamgöngur eigi að verða ókeypis fyrir börn á grunnskólaaldri. Ekki hefur komið fram hvenær eigi að ráðast í umræddar breytingar, né með hvaða hætti.

Með vísan til framangreinds óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum um það hvort nýir stjórnarmenn Strætó bs., fulltrúar eigenda, sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, hyggjast beita sér fyrir því að um samstarfsverkefni allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu verði að

ræða, til að tryggja niðurfellingu á gjaldtöku í strætisvögnum fyrir öll börn á grunnskólaaldri á höfuðborgarsvæðinu, óháð búsetu.

Tekið skal sérstaklega fram að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu og unnið að því að stjórnvöld taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna, á öllum sviðum samfélagsins.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna